

Menntaskólanum á Akureyri, 20. ágúst 2020

Kæru nemendur og forráðamenn

Sóttvarnarreglur munu setja nokkurn svip á skólabyrjunina í MA. Fjöldatakmörk í hverju húsi skólans setja okkur nokkuð þröngar skorður og því verður aðeins hægt að taka á móti hluta nemenda í skólanum í einu.

Skólasetningu verður frestað um tvo daga til að gefa betri tíma til undirbúnings. Hún verður einungis rafræn og ekki er hægt að opna skólann fyrir aðstandendum, nema ef bókuð eru viðtöl fyrirfram.

Opnað hefur verið fyrir Innu og þar geta nemendur séð stundatöflu og bókalista. Forráðamenn ólöggráða nemenda geta einnig sótt sér lykilorð og haft þar með aðgang að Innu.

Við höfum lagt áherslu á að nýnemar geti verið sem mest í skólanum 12 fyrstu kennsludagana sem hafa verið skipulagðir. Það verður síðan endurskoðað eftir þann tíma og reynt að jafna hlut bekkjanna.

Skipulagið til 11. september er með þessum hætti (með fyrirvara um breytingar):

26. ágúst kl. 09:30 Rafræn skólasetning (slóð send út síðar)

26. ágúst Nemendur í 1. bekk hitta umsjónarkennara sína kl. 10 og nemendur í 2. bekk hitta umsjónarkennara sína kl. 13. Tölvuaðstoð verður í boði eftir kl. 11 fyrir nýnema en þeir fá einnig senda rafræna kynningu. Mögulega verður líka hægt að taka á móti 3ju bekkjum þann dag en það skýrist síðar. Upplýsingar um hvert nemendur eiga að mæta koma eftir helgi.

27. ágúst Kennsla hefst hjá öllum, hvort sem er í stað- eða fjarnámi.

Bekkir mæta í skólann samkvæmt þessu skipulagi (með fyrirvara um breytingar):

27. ágúst: 1. bekkur + 2GTVX. Fjarnám hefst í öðrum bekkjum.

28. ágúst: 1. bekkur + 2IU

31. ágúst: 1. bekkur + 2AFH

1. sept: 3. bekkur + 2GTVX

2. sept: 1. bekkur + 2IU

3. sept: 1. bekkur + 2AFH

4. sept: 1. bekkur + 2GTVX

7. sept: 1. bekkur + 2IU

8. sept: 1. bekkur + 2AFH

9. sept: 3. bekkur + 2GTVX

10. sept: 1. bekkur + 2IU

11. sept: 3. bekkur + 2AFH

Kennsla í valgreinum verður í fjarnámi þar til annað verður ákveðið.

Hver bekkur verður með heimastofu og fer ekki milli bygginga. Sameiginlegt rými verður lokað fyrst um sinn og aðeins má nota ganga til að fara á milli stofa. Opnaðir verða inngangar í öll hús skólans og upplýsingar um hvar hver bekkur á að koma inn í skólann verða settar á ma.is og facebook-síðu skólans eftir helgi. Við hvetjum ykkur til að fylgjast með þar.

Vonandi eru þetta aðeins tímabundar ráðstafanir og við trúum því að skólabyrjunin verði engu að síður gleðileg og hlökkum mikið til að fá ykkur í hús.